



14. mars 2022

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 77. mál á 152. löggjafarþingi**

*Frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum (leyfisskylda)*

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi þessu er það samið að tilstuðlan Hagsmunasamtaka heimilanna. Með frumvarpinu er stefnt að því að fella öll innheimtufyrirtæki undir sömu lagareglur er varða leyfisskyldu og eftirlit, óháð persónulegri stöðu endanlegra eigenda þeirra. Þannig er ætlunin að tryggja betur jafnræði og efla réttaröryggi neytenda á fjármálamarkaði.


Á 150. löggjafarþingi var frumvarp um breytingu á lögum um neytendalán vegna svokallaðra smálána samþykkt á Alþingi. Af því tilefni vilja samtökin vekja athygli á því að frumvarp þetta er mikilvægur liður í því að stemma stigu við ólögmætri innheimtu lána með óhæfilegan kostnað, með því að fella öll innheimtufyrirtæki undir leyfisskyldu og valdsvið Fjármálaeftirlitsins.

Þá kom fram í álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar á þskj. 718. í 223. máli á 150. löggj. að vinna væri í gangi í dómsmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti við að að skýra betur reglur um starfsemi löginneimtuaðila og eftirlit með starfseminni. Meirihlutinn hvatti til að þeirri vinnu yrði hraðað eins og kostur er og frumvarp lagt fram á vorþingi, en það hefur ekki enn gerst.

Af þessu tilefni benda Hagsmunasamtök heimilanna á að þau helstu atriði sem samtökin telja þurfa að skerpa á í innheimtulögum koma nú þegar fram í því frumvarpi sem hér um ræðir. Við þinglega meðferð málsins væri eðlilegt að leita eftir tillögum frá menningar- og viðskiptaráðuneyti sem frum- og milliinnheimta peningakrafna heyrir undir, en frumvarpið nær þó ekki yfir löginneimtu, sem fellur utan gildissviðs innheimtulaga skv. 2. málsl. 2. mgr. sbr. 1. mgr. 1. gr. þeirra laga.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,



Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Skrifstofa Alþingis, nefndarsvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2022

### **Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum nr. 95/2008, 77. mál.**

Neytendasamtökin vísa í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis dags 7. mars sl. þar sem samtökunum var gefinn kostur á að skila inn umsögn um framangreint frumvarp.

Neytendasamtökin eru þeirrar skoðunar að að eftirlit með frum- og milliinnheimtustarfsemi eigi allt að vera á sömu hendi, þ.e. hjá Fjármálaeftirlitinu óháð því hver það er sem sér um innheimtuna. Byggist sú skoðun fyrst og fremst á því að eftirlit með innheimtustarfsemi verður að vera raunhæft og virkt.

Í dag er staðan þannig að innheimtufélög í eigu lögmanna eru að nafninu til undir eftirliti Lögmannafélags Íslands (LMFÍ). Neytendasamtökin geta fullyrt að eftirlit LMFÍ með innheimtufélögum í eigu lögmanna er gagnslaust og úrræðin bitlaus. LMFÍ framkvæmir ekki frumkvæðisrannsóknir og hefur ekki valdheimildir til að stöðva innheimtu sem brýtur gegn lögum. Telji einhver á sér brotið er eina úrræði viðkomandi að senda kvörtun til úrskurðarnefndar lögmanna og rökstyðja mál sitt gegn lögmanni líkt og um málflutning sé að ræða. Þar er stórfelldur aðstöðumunur kvartanda sem jafnan er leikmaður, annars vegar og þess sem kvartað er yfir, sem jafnan er félagsmaður í Lögmannafélaginu og ætti að hafa yfirburðarþekkingu á lögum og reglum sem gilda. Komist úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að lögmaður hafi brotið gegn innheimtulögum, á sá sem sendi málið fyrir nefndina, á hættu að vera stefnt af hálfu lögmansins til ógildingar úrskurði nefndarinnar eins og dæmi sýna. Þess utan telja Neytendasamtökin ófært að félagasamtökum sé gert að hafa eftirlit með eigin félagsmönnum og að félagasamtökum sé yfirhöfuð falið svo mikilvægt eftirlishlutverk. Þar ræður að ekki er einungis um raunverulega hættu á frændhygli að ræða, heldur getur ásýndin um mögulega frændhygli valdið álitshnekki.

Eins og farið er yfir í greinargerð með frumvarpinu voru með lögum 55/2018 gerðar breytingar á innheimtulögum til að bregðast við álitum umboðsmanns Alþingis nr. 8302/2014. Þær breytingar sem gerðar voru komu hins vegar ekki til móts við athugasemdir umboðsmanns, þvert á móti, og því hefur löggjafavaldið enn ekki farið að tilmælum umboðsmanns frá árinu 2014.

Á undanförunum árum hafa Neytendasamtökin orðið áþreifanlega vör við mikinn skort á raunhæfu eftirliti með innheimtustarfsemi, sem hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér. Neytendur sem telja á sér brotið geta í raun ekki leitað réttar síns með góðu móti falli innheimtufyrirtæki utan eftirlits Fjármálaeftirlitsins. Það getur leitt til þess að innheimtustarfsemi sem ekki er í samræmi við lög fær liðist með tilheyrandi skaða fyrir skuldara.

### **Athugasemdir við 1. gr.**

Í 1. gr. frumvarpsins er lögð til sú breyting á 2. mgr. 3. gr. innheimtulaga að lögaðilar í eigu lögmannna eða lögmannsstofa falli ekki lengur undir undanþágu ákvæðisins. Neytendasamtökin telja að breytingin kæmi í veg fyrir að lögaðilum sé sérstaklega komið á fót til að stunda innheimtustarfsemi er fellur utan eftirlits FME. Líkt og Neytendasamtökin greindu frá í fyrri umsögn um sama mál bar hvað mest á slíkri fléttu í tengslum við innheimtu smálána. Fagna samtökin þessari tillögu og telja hana skref í rétta átt.

### **Athugasemdir við 2. gr.**


Í 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til tvær viðbætur á 6. gr. innheimtulaga. Sú fyrri lýtur að of háum innheimtukostnaði við innheimtu krafna og að slík framkvæmd teljist í andstöðu við góða innheimtuhætti. Að mati samtakanna fæli slík framkvæmd í sér brot gegn ákvæðum reglugerðar um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar og þar með 12. gr. innheimtulaga. Velta má fyrir sér þörfinni á því að tiltaka sérstaklega ákveðna þætti sem teljast brjóta gegn góðum innheimtuháttum. Samtökin líta svo á að núverandi ákvæði feli í sér matskennda vísireglu og að framangreind framkvæmd yrði væntanlega í flestum tilfellum til þess fallin að brjóta gegn ákvæðinu án þess að það sé tiltekið sérstaklega. Sú síðari lýtur svo að upplýsingagjöf innheimtuaðila er kemur að úrskurðar- og réttarúrræðum ef upp kemur ágreiningur milli innheimtuaðila og skuldara. Samtökin eru sammála því að innheimtuaðila beri að upplýsa skuldara um þau úrræði er standa til boða til að leysa úr ágreiningsefni sem slíku en telja þó mikinn skort á raunhæfum úrræðum í þessum efnum til að leysa úr einkaréttarlegum ágreiningi á þessu sviði utan dómstóla.

Neytendasamtökin styðja umrætt frumvarp sem felur í sér löngu tímabæra breytingu sem væri til mikilla bóta fyrir neytendur og leggja til að það verði samþykkt.

Virðingarfyllst f. h. Neytendasamtakanna,



Einar Bjarni Einarsson, lögfr.



Breki Karlsson, formaður

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 21.03.2022  
Tilv. 2022/0089 - 0.3.01  
MS

**Efni: Umsögn Neytendastofu um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 77. mál**

Vísað er til tölvubréfs, dags. 7. mars 2022, þar sem Neytendastofu var gefinn kostur á að koma að umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008, með síðari breytingum (leyfisskylda), 77. mál.

Neytendastofa hefur áður gert athugasemdir við frumvarpið þegar það var lagt fram á fyrri löggjafarþingum en vill ítreka eftirfarandi athugasemdir:

***Athugasemd við 2. gr.***

Ákvæði 2. gr. frumvarpsins felur í sér viðbót við ákvæði 6. gr. laganna þar sem fjallað er um góða innheimtuhætti. Samkvæmt gildandi ákvæðum 6. gr. skulu innheimtuaðilar viðhafa góða innheimtuhætti og er nánar tiltekið að óhæfilegur þrýstingur geti talist brjóta í bága við góða innheimtuhætti. Um óhæfilegan þrýsting er að öðru leyti ekki fjallað í lögnum.

Með fyrri málsgrein 2. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega verði tiltekið að það teljist andstætt góðum innheimtuháttum að krefjast hærri innheimtukostnaðar en heimilt sé samkvæmt gildandi lögum. Neytendastofa telur ákvæði fela í sér endurtekningu á 12. gr. laganna og reglugerðar settri með stoð í þeim, sem kveður á um hámarksfjárhæðir innheimtukostnaðar. Þá má benda á að úrræði eftirlitsaðila er hið sama, hvort sem um er að ræða brot gegn 6. eða 12. gr. Að mati Neytendastofu er ákvæðið því óþarft og vandséð að hvaða leyti hagsmunir neytenda er betur varðir með ákvæðinu.

Stofnunin vill jafnframt benda á að í umfjöllun um ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu er til þess vísað að ákvæðið eigi við svo sem vegna neytendaláns. Að öðru leyti er ekki að finna skýringu á því hvers vegna innheimta á grundvelli laganna sem er tilkomin vegna neytendaláns sé sérstaklega tiltekin umfram innheimtu vegna krafna sem til eru komnar af öðrum samningum.

***Athugasemd við b. lið 3. gr.***


Líkt og fram hefur komið í fyrri umsögnum Neytendastofu telur hún ákvæðið óþarft.

Stofnunin vill benda á að hún telur engan vafa vera á því að lög 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, taki til hvers kyns viðskiptahátta þ.m.t. innheimtustarfsemi. Það leiðir þó ekki sjálfkrafa til þess að brot á lögum nr. 95/2008 teljist

vera óréttmætir viðskiptahættir sem Neytendastofa getur brugðist við. Neytendastofa yrði því að taka til meðferðar og meta í hverju tilviki hvort brot gegn lögum nr. 95/2008 teljist jafnframt brot gegn góðum viðskiptaháttum samkvæmt lögum nr. 57/2005. Þessu til stuðnings má benda á ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2021 og úrskurð áfrýjunarnefndar neytendamála í máli nr. 10/2021 þar sem viðskiptahættir innheimtufyrirtækis töldust brjóta gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Í þessu samhengi vill Neytendastofa jafnframt benda á að um ýmsa starfsemi eða tegundir vara og þjónustu gilda sérlög. Á grundvelli laga nr. 57/2005 hefur stofnunin samt sem áður tekið ákvarðanir vegna markaðssetningar og viðskiptahátta fyrirtækja eða aðila sem markaðssetja þá vöru og þjónustu, s.s. fjármálafyrirtæki og vegna markaðssetningar á matvælum og lyfjum. Þar sem gildissvið laga nr. 57/2005 er ekki takmarkað við tiltekna markaði eða tiltekna vöru eða þjónustu og ekkert undanþegið lögunum takmarkast eftirlit Neytendastofu samkvæmt lögunum aðeins af lex specialis reglu og forgangsörðun stofnunarinnar. Í þeim málum sem Neytendastofa hefur tekið til meðferðar og varðar vöru, þjónustu eða fyrirtæki sem sérlög gilda um hefur aldrei komið til álita eða verið talin þörf á að vísa til þess að stofnunin hafi slíkt eftirlit í þeim sérlögum sem um starfsemina eða vörunnar gilda líkt og lagt er til með frumvarpi þessu. Um þetta má t.d. vísa til 118. liðar úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála í sameinuðum málum nr. 20 og 22/2012.

Virðingarfyllst  
f.h. Neytendastofu

  
Þórunn Anna Arnadóttir

  
Matthildur Sveinsdóttir

21. mars 2022

Tilv.: 2203050

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á innheimtulögum, nr. 95/2008 (leyfisskylda o.fl.), 152. löggjafarþing, 77. mál

Með tölvupósti dags. 7. mars 2022 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp. Seðlabankinn sendi umsögn um hliðstætt frumvarp (á 151. löggjafarþingi, 162. mál.) 9. mars 2021.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á innheimtulögum. Nánar tiltekið er lagt til að lögaðilar í eigu lögmanna og lögmansstofa hafi ekki lengur heimild til að stunda innheimtu fyrir aðra nema að fengnu innheimtuleyfi. Tilgangurinn er að tryggja að aðilar komist ekki hjá starfsleyfisskyldu með því að skráðir eigendur þeirra séu lögmenn og eins til að jafna samkeppnisstöðu innheimtuaðila.

Seðlabanki Íslands vekur athygli á að með breytingum á innheimtulögum, sbr. 1. gr. laga nr. 55/2018, voru tekin af öll tvímæli um hverjir fari með eftirlit með innheimtustarfsemi lögaðila í eigu lögmanna. Sambærilegt ákvæði hefur auk þess verið í reglum um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi samkvæmt innheimtulögum frá árinu 2008, sbr. 2. gr. nógildandi reglna nr. 981/2016. Seðlabankinn telur því ljóst að lögaðilar í eigu lögmanna eða lögmansstofa séu undir eftirliti að því er varðar innheimtustarfsemi og er ósammála því sem sagt er í greinargerð að innheimtuaðilar geti starfað án eftirlits.

Með frumvarpinu er jafnframt lagt til að ný svohljóðandi málsgrein bætist við 15. gr. innheimtulaga:

Um eftirlit með innheimtuaðilum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, eftir því sem við getur átt.

Yrði slíku ákvæði bætt í innheimtulögin telur Seðlabankinn að óhjákvæmilegt yrði að skilin á milli eftirlits Neytendastofu og eftirlits annarra eftirlitsaðila á grundvelli innheimtulaga yrðu skýrð betur en gert er í gildandi lögum.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Júníusdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofu bankastjóra

Guðrún Finnborg Þórðardóttir  
forstöðumaður  
skrifstofa bankastjóra